



Borgarráð

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirfarandi tímaáætlun vegna skuldabréfaútboða á seinni hluta árs 2018:

- 15. ágúst
- 12. september
- 10. október
- 14. nóvember
- 12. desember

Greinargerð

Samkvæmt samþykktri fjárhagsáætlun fyrir árið 2018 er gert ráð fyrir að borgarsjóður taki lán vegna framkvæmda á árinu 2018 fyrir allt að 5.714 mkr, sbr. fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar fyrir árið 2018. Gert er ráð fyrir að lántakan verði framkvæmd með stækkun á verðtryggðum skuldabréfaflokki RVK 32 1 og óverðtryggðum skuldabréfalokki RVKN 35 1. Einnig er hægt að stækka RVK 53 1.

Reykjavíkurborg hefur ekki haldið skuldabréfaútboð það sem af er ári 2018.

Mikilvægt er að gefa út áætlun um útboð með góðum fyrirvara svo að væntanlegir bjóðendur eins og lífeyrissjóðir og aðrir fagfjárfestir geti skipulagt fjárfestingar sínar fram í tímann. Framsetningu útgáfuáætlunarinnar nú er eins og áður. Einungis eru ákveðnar dagsetningar útboða en ekkert nánar um hvert útboð. Þannig er ekki ákveðið hversu háa fjárhæð er stefnt að því að bjóða út í hvert skipti heldur er fjármálastjóra heimilt að ákveða fyrirkomulag útboða í hvert sinn. Markaðsaðstæður eru breytilegar og geta breyst ört og er því nauðsynlegt að hafa svigrúm varðandi fyrirkomulag útboða. Niðurstöður hvers útboðs og tillögur verða síðan lagðar fyrir borgarráð til endanlegrar afgreiðslu.


Birgir Björn Sigurjónsson,
fjármálastjóri